

UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS

Pórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík
Sími: 510 6700 • Netfang: postur@umbodsmadur.is
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. F105/2021

Reykjavík, 4. október 2021

Landspítalinn
Nanna Briem, forstöðumaður geðþjónustu
Eiríksgötu 5
101 Reykjavík

Vísað er til svars deildarstjóra og yfirlæknis réttar- og öryggisgeðdeildar á Kleppi, dags. 17. september sl. Þar var brugðist við fyrirspurn minni frá 24. júní sl. um upplýsingar og gögn um vistun sjúklinga á öryggisgangi réttargeðdeildar frá 1. október 2018 til 1. júní sl. Bréfið var sent í kjölfar heimsóknar minnar á lokuðu deildirnar á Kleppi 18. júní sl. en tilefni hennar var m.a. umfjöllun í fjölmiðlum um tiltekna þætti í starfsemi þeirra.

Í svarinu kemur fram að á tímabilinu sem um ræðir hafi einn af þeim sjúklingum sem vistaðist á öryggisgangi réttargeðdeildar dvalið þar í alls 572 daga, bæði með og án svonefndrar rýmkunar. Af töflu sem fylgdi svarinu verður ráðið að sú vistun hafi verið samfelld, 25 dagar án rýmkunar og 547 dagar með rýmkun. Af svarinu verður þó ekki ráðið nákvæmlega hvernig aðstæðum viðkomandi var háttað á hverjum tíma fyrir sig m.t.t. rýmkunarinnar.


Í tilefni af framangreindu óska ég eftir því, á grundvelli frumkvæðisheimildar umboðsmanns í 5. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, að mér verði veittar allar fyrirliggjandi upplýsingar og gögn um vistun umrædds sjúklings á öryggisgangi réttargeðdeildarinnar, þ.á m. eftirfarandi:

1. Í svarinu kemur fram að ástæða vistunar sjúklingsins á öryggisganginum hafi verið ofbeldi. Óskað er eftir nánari upplýsingum um aðdraganda vistunarinnar og afritum þeirra gagna sem varða þann eða þá atburði sem leiddu til hennar.
2. Þær ákvarðanir sem lágu til grundvallar vistun sjúklingsins á öryggisganginum og, eftir atvikum, ákvarðanir um framhald vistunar, breytingar á fyrirkomulagi hennar og lok. Einnig er óskað upplýsinga um hver eða hverjir tóku umræddar ákvarðanir.

3. Einnig hvernig upplýsingagjöf um réttindi sjúklingsins var háttað, þ.á m. hvernig ákvörðunin var kynnt honum og hvort honum hafi verið veittar upplýsingar um mögulegar kvörtunar-/kæruleiðir.
4. Upplýsingar um hverjir voru upplýstir um vistun viðkomandi á Öryggisganginum, s.s. aðstandendur eða tilsjónarmaður.
5. Upplýsingar um aðbúnað sjúklingsins meðan hann vistaðist á Öryggisganginum og hvaða takmörkunum, umfram vistunina sjálfa, hann þurfti að sæta á hverjum tíma fyrir sig. Hér er t.d. haft í huga hvort hann hafi haft tækifæri til að njóta útivistar og þá hversu reglulega, hvort hann hafi getað fengið heimsóknir frá utanaðkomandi, hvernig möguleikum hans á að hafa samskipti við umheiminn hafi að öðru leyti verið háttað, hvort og að hvaða marki honum hafi verið unnt að eiga samskipti við aðra sjúklinga á deildinni, hvernig gát með honum var háttað, hvaða möguleikar á virkni og afþreyingu honum hafi staðið til boða.
6. Afrit af meðferðaráætlun sjúklingsins á því tímabili sem hann vistaðist á Öryggisganginum.

Ég óska eftir því að svar við bréfi þessu berist mér eigi síðar en 21. október nk.

Virðingarfyllst,



Skúli Magnússon